



ÍÐNÞING

2021 HLAUPUM
HRAÐAR

Morgunblaðið

18 | 03 | 2021



„Skuldir hins opinbera hafa aukist um sem nemur u.þ.b. einum milljarði króna hvern dag síðan faraldurinn hófst og þessar skuldir þarf á endanum að greiða til baka,“ segir Sigurður.

„Leið vaxtar er skynsamlegasta leiðin“

Slíta þarf fjötrana svo að atvinnulífið geti hlaupið hraðar og gripið þau dýrmætu tækifæri sem bjóðast.

Ásgeir Ingvarsson
ai@mbl.is

Staðan í samfélaginu er þannig að við þurfum að horfa fram á veginn og reisa efnahag landsins við. Mikill samdráttur varð á síðasta ári, atvinnuleysi er töluvert og því brýnt að skapa ný og eftirsóknarverð störf í einka-geiranum,“ segir Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. „Grunnurinn að þessum umskiptum er að atvinnulífið geti skapað aukin verðmæti en fyrirtækin reka sig á ýmiss konar hindranir – bæði stórar og smáar – sem standa í vegi fyrir því að við getum hlaupið enn hraðar.“

Sigurður notaði tækifærið á Iðnþingi til að undirstrika hve alvarlegur vandi hagkerfisins er en líka til að benda á hvernig sækja má fram og nýta tækifærin. „Skuldir hins opinbera hafa aukist um sem nemur u.þ.b. einum milljarði króna hvern dag síðan faraldurinn hófst og þessar skuldir þarf á endanum að greiða til baka. Leið vaxtar er skynsamlegasta leiðin til að endurgreiða þessar skuldir, og til þess þurfum við annars vegar að skapa atvinnulífina

samkeppnishæf skilyrði s.s. hvað varðar skatta, gjöld og regluverkið sjálft, og hins vegar að sækja tækifærin, meðal annars með því að laða hingað erlenda fjárfestingu,“ segir hann. „Hin leiðin væri að auka skattlagningu en það myndi tefja fyrir endurreisn hagkerfisins og koma niður á lífskjörum til framtíðar.“

Leggur Sigurður áherslu á að sækja tækifærin. „Við höfum ekki staðið okkur nógu vel hvað það varðar. Við sjáum t.d. hvernig Íslendingar notuðu sjöunda og áttunda áratuginn til að virkja fallvötnin og sækja tækifæri þess tíma, sem hefur skilað góðum árangri. Tækifæri okkar tíma liggja ekki síst í hugverka-íðnaði og í nýjum iðnaði tengdum hröðum tækniframförum, vistvænni orku og loftslagsmálum. Við verðum að slíta ákveðna fjötra þannig að við getum hlaupið hraðar og sótt þessi tækifæri.“

Virki einkaframtakið

Sigurður kemur auga á ýmsar áskoranir og brýn verkefni. Hann nefnir vöxt hins opinbera sem mál sem þarfnist skoðunar. „Það er gott að hægt var að beita ríkisfjármálum til að dempa þá niðursveiflu sem varð í hagkerfinu vegna kórónuveirufaraldursins, en það var efnahagsstefna undafarinna ára sem skapaði svigrúmið til þess. Hið opinbera hefur fengið að stækka töluvert og mælt t.d. sem hlutfall af landsframleiðslu og í fjölda starfa kemst engin atvinnugrein nálægt hinu opinbera að umfangi nema iðnaðurinn. Þó að eðlilegt og skynsamlegt sé að hið opinbera bjóði upp á vissa

Kom vel í ljós á Iðnþingi að einfalda mætti regluverkið mikið og flýta afgreiðslu mála t.d. þegar kemur að ýmsum leyfum og ferlum í byggingariðnaði.

grunnþjónustu þarf það ekki að gera allt sjálft og t.d. upplagt að nýta einkaframtakið í auknum mæli. Tilhneigingin hefur aðeins verið í þá átt að ráða fleiri opinbera starfsmenn í stað þess að útvísta verkefnum.“

Af tiltölulega auðviðráðanlegum verkefnum sem skila ættu miklum ávinningi nefnir Sigurður að það mætti gera hið opinbera skilvirkara með betra samstarfi á milli stofnana og ráðuneyta. „Oft gengur stjórnsýslan ekki í takt og vantar upp á samræmi í stefnumótun sem snertir samkeppnishæfni atvinnulífsins og þar með efnahagslega velsæld,“ segir hann. „Þá kom vel í ljós á Iðnþingi að einfalda mætti regluverkið mikið og flýta afgreiðslu mála t.d. þegar kemur að ýmsum leyfum og ferlum í byggingariðnaði.“

Sigurður segir að oft virðist ekki hugað nægilega vel að áhrifum lagasetningar á samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og t.d. gerist iðulega að þegar Evróputilskipanir eru leiddar í lög sé gengið lengra en tilskipanirnar krefjast. „Allt sem eykur flækjustigið og leggur á meiri kvaddir bitnar á getu fyrirtækja til að skapa verðmæti og keppa við erlenda keppi-

nauta sína. Við höfum ekki nákvæmar tölur en ætla má að býsna mikið tjón verði vegna þess að reglur frá Evrópusambandinu hafa verið innleidar með meira íþyngjand hætti en þörf var á. Þetta er dæmi um heimatilbúinn vanda sem auðvelt er að leysa.“

Rétt umgörd og skýr skilaboð

Til að hagkerfið dafni vel á komandi árum þarf að greiða leið þeirra greina sem líklegar eru til að vaxa hratt, skapa mikil verðmæti og góð störf. Sigurður segir t.d. ómissandi að réttir innviðir séu til staðar og regluverkið vandað. Skattaumhverfið verður að vera samkeppnishæft og búið þannig um hnútana í háskóla- og iðnskólanámi að gott framboð sé af fólki með þá menntun sem fyrirtæki landsins kalla eftir.

„Oft þarf ekki nema einfaldar breytingar til að laga regluverkið að þörfum atvinnulífsins,“ segir hann og nefnir sem dæmi að þökk sé rétttri umgjörð hafi dönskum stjórnvöldum nýlega tekist að laða til sín risafjárfestingu Google í upplýsingatekni- og gagnaversiðnaði, og að Microsoft hafi sömuleiðis fjárfest fyrir stórar fjárhæðir í sænskum tækniðnaði. „Það þarf ekki endilega að veita sérstakar ívilnanir til að laða að slíkar fjárfestingar en það skiptir öllu að regluverk sé fyrirsjáanlegt og einfalt, ákvarðanataka hröð og svigrúm sé til að taka á móti erlendra fjárfestingu. Stjórnvöld geta einnig liðkað fyrir með því að senda skýr skilaboð út í samfélagið og til viðeigandi stofnana um að þetta sé markmiðið.“

Íslensk hönnun og framleiðsla í forgrunni á Iðnþingi

Iðnþing Samtaka iðnaðarins var haldið í Silfurbergi í Hörpu 4. mars síðastliðinn en vegna sóttvarna var gestafjöldi takmarkaður og viðburðurinn sendur beint út á netinu. Logi Bergmann Eidsson var stjórnandi þingsins en fjölmargir leiðtogar úr íslensku atvinnulífi tóku þátt í dagskránni með áhugaverðum erindum og pallborðsumræðum.

Íslensk hönnun og framleiðsla var höfð í öndvegi í salnum og á sviðinu var safnað saman úrvali af íslenskum húsgögnum, textíl, mottum, ljósum og skrautmunum. Mátti þar m.a. finna húsgögn frá Á. Guðmundssyni og Sóló-húsgögnum, kollinn Fuzzy sem Sigurður Már Helgason hannaði og Sindra-stólinn sem Ásgeir Einarsson hannaði.

Hafa Samtök iðnaðarins lengi talað

fyrir því að íslensk hönnun og framleiðsla verði fyrir valinu þegar opinberar byggingar eru innréttaðar.

Á myndunum hér til hliðar má jafnframt sjá hringlaga borðlampa frá Fólki Reykjavík sem Theodóra Alfredsdóttir hannaði og ferhyrndan lampa sem Ragna Þórunn Ragnarsdóttir á heiðurinn af. Einnig var komið fyrir nokkrum værdarvöðum úr íslenskri ull frá Ístex.

Gólfmotturnar voru hannaðar af Sigrúnu Láru Shanko og skrautmunir á sviði vasar frá Fólki Reykjavík eftir Ólínu Rögnudóttir, vaðfuglar úr tré eftir Sigurjón Pálsson og púðinn Knot eftir Ragnheiði Ösp.

Leikmyndahönnuðurinn Aron Bergmann Magnússon sá um sviðsmyndina. ai@mbl.is



Það fór vel um Loga Bergmann Eidsson, Svan Karl Grétarsson, Sigrúnu Melax og Hjört Sigurdsson á sviði Iðnþings.



Brýnt að auka opinbera fjárfestingu

Til að auðvelda atvinnulífnu að rétta úr kútnum þarf að einfalda reglur og lækka skatta. Skynsamleg ráðstöfun opinberra fjármuna gæti líka eftl hagvöxt og skapað ný störf.

Ásgeir Ingvarsson
ai@mbl.is

Eftir að hafa beint sjónum að langtímamarkmiðum í atvinnusköpun í íslenska hagkerfinu á Iðnþingi síðasta árs var umræðuefni Iðnþings 2021 mun nær okkur í tíma og umræðuefnið aðkallandi: hvernig megi styðja sem best við íslenskt efnahagslíf á komandi fjórum árum til að komast sem hraðast upp úr þeirri efnahagslægd sem kórónuveirufaraldurinn kallaði yfir alla heimsbyggðina. „Verkefnið fram undan er skýrt: að efnahagsleg lífsgæði landsmanna verði að minnsta kosti jafngóð eða betri en þau voru fyrir það efnahagsáfall sem við glímum enn við í kjölfar heimsfaraldurs. Markmið okkar sem samfélags er að ljúka því verkefni á næstu fjórum árum. Það er líka gott að muna að þetta ár er kosningaár og vert að beina sjónum að því hvaða umgjörð þarf að skapa til að tryggja efnahagslega endurreisn á Íslandi,“ segir Árni Sigurjónsson, formaður Samtaka iðnaðarins.

Umræðurnar á Iðnþingi, sem haldið var þann 4. mars síðastliðinn undir yfirskriftinni Hlaupum hraðar – slítum fjötrana og sækjum tækifærin, snerust ekki síst um hvernig fækka mætti hindrunum í stjórmerkfinu sem valda atvinnulífínu óþarfa flækjum, og einnig hvernig mætti léttla hvers kyns byrðum af fyrirtækjum svo þau eigi auðveldara með að vaxa og dafna. Árni segir að þrátt fyrir að viðskiptalegt frelsi á Íslandi mælist nokkuð gott í alþjóðlegum samamburði sé víða hægt að einfalda og aðlaga reglur og lækka gjöld og skatta til að bæta samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. „Hvernig ætli afreksíþróttafólkinu okkar myndi líða ef það væri sent inn á völlinn með 20 kg bakpoka reyrdan við sig, en með alveg sömu kröfur og væntingar um að skara fram úr? Nákvæmlega það sama gildir um íslenskt atvinnulíf, sem þarf að geta keppt á jafnræðisgrundvelli.“

Samhæfingu skortir

Dæmin eru af ýmsum toga og nefnir Árni m.a. óþarflega flókið regluverk. „Það þarf að taka betur til í reglugerða- og lagasafninu líkt og nýlega var gert hjá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu. Þar settu þau sér það markmið að fækka reglugerðum og henda út úreltum fyrir-mælum og virðist það hafa komið stjórnendum ráðuneytisins sjálfum á óvart hve mikið þeim tókst að fjarlægja. Slík vinna er farin af stað í fleiri ráðuneytum, sem ber að fagna,“ segir



„Þróuð ríki eins og Ísland gætu aukið hagvöxt um 2,7 prósentustig og fjölgað störfum um 1,2% á næstu tveimur árum með því að auka fjárfestingu um 1% af vergri landsframleiðslu,“ segir Árni Sigurjónsson.

hann. „Við þurfum líka að gera skatta- og gjaldakerfið sem samkeppnishæfast og í því sambandi rétt að minnast sérstaklega á trygg-ingagjaldið og gjöld á atvinnuhúsnæði.“

Að mati Árna væri líka til mikilla hagsbóta að efla samstarf á milli ráðuneyta, stofnana og atvinnulífs en of algengt virðist að múrar séu reistir utan um málefni og embætti; mismunandi svið stjórnsýslunnar gangi ekki í takt og ákvarðanataka taki lengri tíma en þyrfti. „Til þessa dags hafi skort mjög á samhæfingu, sem við virðumst oftar en ekki eiga í stökustu vand-ræðum með, þrátt fyrir stuttar boðleiðir,“ segir hann og bætir við að gæta verði að því að vöxtur hins opinbera sé ekki meiri en ástæða er til:

„Fyrirtækin finna það vel að hið opinbera hefur verið að þenjast hratt út, bæði hvað varðar starsfmannafjölda og umsvif, sem kallar á samsvarandi fjölgun vinnustunda í einkageir-anum við að fullnægja nýjum reglum og form-kröfum,“ segir Árni og nefnir sem dæmi um óheppilega þróun hvað íslensk stjórnvöld virðast vera gjörn á að ganga lengra en þau þyrfti þegar Evrópureglugerðir eru leiddar í lög. „Öll skýrslugjöf, eftirlit og íþyngjandi ákvæði setja miklar byrðar á atvinnulífið og mælt í vinnu-stundum getur kostnaðurinn verið gríðarlegur. Eðlilegt eftirlit og kröfur um gæði eru af hinu góða en því miður þekkjum við of mörg dæmi um að umfangið sé orðið of mikið sem leiðir ein-faldlega til sóunar.“

Bæti þjónustu og nýti skattpeningana betur

Reynslan sýnir að hið opinbera getur verið vilj-ugt til að þróast og breytast í takt við óskir sam-félags og atvinnulífs og að breytingarnar geti gerst tiltölulega hratt ef allir eru samstiga. Nefnir Árni sem dæmi vel heppnaða samein-ingu Íbúðalánasjóðs og Mannvirkjastofnunar

„Hvernig ætli afreksíþróttafólkinu okkar myndi líða ef það væri sent inn á völlinn með 20 kg bakpoka reyrdan við sig, en með alveg sömu kröfur og væntingar um að skara fram úr? Nákvæmlega það sama gildir um íslenskt atvinnulíf, sem þarf að geta keppt á jafnræðisgrundvelli.“

undir merkjum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. „Við sameiningu þessara stofnana varð mikil framför í þjónustu við málaflökkinn og skilvirkni jókst töluvert en því til viðbótar var hagrætt um u.þ.b. hálfan milljarð króna í rekstri ríkisins.“

Árni segir hægt að finna ótal sambærileg tækifæri til að sameina stofnanir til að bæta þjónustu, hagræða í rekstri þeirra og nýta pen-inga skattgreiðenda betur. „Önnur leið að sama marki væri að auka hlut einkarekstrar, t.a.m. í heilbrigðiskerfinu, og væri það um leið mótvægi við útbenslu hins opinbera.“

Að því sögðu telur Árni ekki þörf á því að rík-ið verði sett í spennitreyju enda leiki ríki og sveitarfélög mikilvægt hlutverk við að hjálpa atvinnulífínu í að spyrna sér kröftuglega upp frá botni kórónu-kreppunnar. „Þörfin fyrir aukna opinbera fjárfestingu er brýn. Alþjóðagjaldeyr-issjóðurinn birti nýverið áhugaverða greiningu þar fram kemur að þróuð ríki eins og Ísland gætu aukið hagvöxt um 2,7 prósentustig og fjölgað störfum um 1,2% á næstu tveimur árum með því að auka fjárfestingu um 1% af vergri

landsframleiðslu. En þar skiptir vitskuld máli hvernig fjármunum er varið, og þarf að vera skýr fókus og vönduð forgangsröðun þegar kemur að opinberum framkvæmdum. Sum fjár-útlát hins opinbera geta svo sannarlega verið fjárfesting í hagvexti framtíðarinnar.“

Árni segir að framlag ríkisins geti líka falist í því að gefa eftir skatta. Hann minnir á að tekjur ríkissjóðs af tryggingagjaldi nemi um 100 millj-örðum króna á ári. „Með því að gefa eftir þenn-an skatt að hluta eða í heild væri verið að auð-velda vinnuveitendum sem því nemur að ná sér hratt og vel á strik og fjölga störfum.“

Þá er forvitnilegt að skoða hvort ætti að beita skattkerfinu með breytingum til að skapa jákvæða hvata. Árni nefnir að það sé algengt í þeim löndum sem Íslendingar vilja bera sig saman við að skattar og undanþágur beini jafnt fjármagni einstaklinga, fjárfesta og fyrirtækja í ákveðinn farveg. „Ef t.d. þarf að bæta framboð á húsnæði hefur það stundum gefið góða raun að skapa skattalega hvata til að efla fast-eignamarkaðinn,“ segir Árni. „Á við þetta kall-ast sjónarmið um að hafa skattkerfið sem ein-faldast, fyrirsjáanlegast og gagnsæjast.“

Almennir hvatar skila líka sínu og tiltekur Árni hvernig íslensk stjórnvöld hafa greitt leið nýsköpunar með breytingum á regluverkinu, styrkjum, hvötum og frádráttarheimildum, t.a.m. með hækkun hlutfalls endurgreiðslu rannsóknar- og þróunarkostnaðar. Fyrirtæki í öllum greinum geta nýtt sér slíka hvata sem hafa nú þegar reynst mikil vítamínsprauta fyrir hugverkageirann.

Verða að laða erlend verkefni til landsins

Að þessu sögðu nefnir Árni nauðsyn þess að sækja tækifæri til frekari gjaldeyrissköpunar með markvissari hætti. „Markmið okkar um að auka gjaldeyristekjur um 300 milljarða á næstu fjórum árum krefst þess að við séum vakandi fyrir því að laða hingað til lands verkefni og fyrirtæki í þeim geirum sem falla vel að okkar framtíðarsýn. Tvær af fjórum útflutnings-stoðum hagkerfisins tilheyra iðnaði; hug-verkaíðnaður og orkusækinn iðnaður, og á þeim sviðum er eftir miklu að slægjast. Breið sam-staða ríkir um tækifæri í nýsköpun og virkjun hugvitsins, þar sem við verðum að vera óhrædd við að hugsa stórt, bæði til skemmri og lengri tíma.

Þá stöndum við frammi fyrir miklum orku- tengdum tækifærum, til að mynda í þeim grein-um sem vaxa hratt um þessar mundir vegna al-þjóðlegra krafna um að markmiðum í loftlagsmálum verði náð. Það liggur fyrir að um-hverfismálin verða í deigluinni um fyr-irsjáanlega framtíð og þróunin ör í öllu sem við kemur kolefnisjöfnun og grænum lausnum. Mörg fyrirtæki á þessu sviði eru að leita að grænni orku sem við eigum töluvert af og vel þess virði að athuga hvort laða mætti að stór og stöndug fyrirtæki í þessum geira. Alltaf þarf þó að geta að því að starfsumhverfið sé sam-keppnishæft, en ef okkur tekst að tryggja það ætti vissulega að sækja fleiri tækifæri á þessu nýja sviði.“

Kostnaðarsamar tafir og flækjur

Það tók fjögur ár að breyta skipulagi lóðar við Elliðaárdal þar sem MótX vildi reisa íbúðarhúsnæði

Svanur Karl Grjetarsson segir ógurlegan tíma geta farið til spillis hjá byggingarverktökum vegna flöskuhálsa í stjórnsýslunni. Hægagangur og skortur á fyrirsjáan-leika sé þess eðlis að tíminn nýtist ekki vel á meðan beðið er úrskurða og leyfa og á meðan hrannast upp fjármagnskostnaður og önnur útgjöld.

Svanur er framkvæmdastjóri MótX og gaf á Iðnþingi dæmi af verkefni þar sem fyrirtækið hugðist mæta eftirspurn með því að byggja húsnæði á lóð sem áður hafði verið skipulögð fyrir léttla iðnaðarstarfsemi. „Við kaupum lóðina árið 2014 en ekki tókst að ljúka skipulagsbreytingum á lóðinni fyrr en 2018 og lauk verkinu loks árið 2021,“ hann segir erfitt að segja til um hvers vegna það hafi tókst svona langan tíma að gera nýtt skipulag fyrir lóðina en borðleggjandi hafi verið að reisa íbúðarhúsnæði á þessum stað enda lóðin steinsnar frá Elliðaárdalnum með alla sína náttúruveg-urð og útivistarsvæði.“

Kannast Svanur vel við það vandamál að afgreiðsla óskóp hversdagslegra mála taki óþarfalega langan tíma. „Greinin er í kapphlaupi við að skila teikningum inn á fimmtudegi svo að þær verði örugglega teknar fyrir á mánudegi og hægt að fá að vita niðurstöðuna á miðvikudegi. Ef eitthvað reynist í ólagi er tíma-



Morgunblaðið/Eggert

Svanur segir mörg embætti glíma við „computer says no“-vanda.

ramminn mjög þröngur til að senda inn lagfærðar teikningar fyrir næstu umferð. Allt þarf vitaskuld að afhenta útprentað og und-irritað. Miklu eðlilegra væri að stjórnsýslan tæki svona mál fyrir jafnharðan og að tekið væri við teikningum á rafrænu formi.“

Er svo mikill munur á vinnubrögðum byggingafulltrúa hring-inn í kringum landið að altalað er á meðal verktaka hve auðvelt er að fá að byggja á sumum stöðum en illgerlegt á öðrum. „Emb-ættin eru ríflega fimmtíu talsins og allur gangur á hvernig þau haga störfum sínum. Þykir t.d. mjög auðelt að fá að byggja á Suð-urnesjum – þar gengur allt smurt fyrir sig. Mörg önnur embætti

virðast glíma við „computer says no“-vanda,“ segir Svanur.

Verktakar geta líka rekið sig á að þeir hafa afskaplega lítið svigrúm með það hvernig þeir nýta þær lóðir sem þeir kaupa. Segir Svanur að liggi við að í útboðum sumra sveitarfélaga sé hreinlega búið að forhanna húsin – stærð og gerð hafa verið ákveðin í miklum smáatriðum og jafnvel gerð fyrir-mæli um efn-isval. Fyrir vikið minnkar svigrúm verktakans til að reyna að laga húsnæðið að óskum markaðarins hverju sinni. „Þessi mikla smámunasemi er væntanlega réttlætt með því að hún sporni við því að gráðugir verktakar byggi eintómar Rússablokkir og að götummyndin hafi ákveðið yfirbragð. En vitaskuld hefur verktak-inn sjálfur mestra hagsmuna að gæta af því að leita til flinkra arkitekta sem hanna huggulegt húsnæði sem samræmist um-hverfi sínu og fólki þykir eftirsóknarvert að búa í.“

Tilraunir með að veita verktökum meira svigrúm

Kórónuveirufaraldurinn varð til þess að varpa ljósi á ókosti þess að ekki skuli vera meiri sveigjanleiki í því hvernig íbúðarlóðir eru notaðar. Er líklegt að ákveðið hafi verið á skipulagsfundi fyrir fjölda ára að á tiltekinni lóð skuli rísa íbúðir með svo og svo mörg herbergi, og hina eða þessa eiginleikana, en þarfir kaupenda eru allt aðrar í dag. „Faraldurinn varð þess valdandi að margir komu auga á hve gott er að hafa almennilega vinnuaðstöðu heima fyrir eða pláss fyrir æfingatæki. Þeir sem áður voru kannski til að leita sér að tveggja herbergja íbúðum vilja núna þriggja herbergja íbúðir af þessum sökum, eða vilja a.m.k. rúmgóðan krók fyrir heimaskrifstofu,“ segir Svanur. „Enginn er betur hæfur til þess að taka réttar ákvarðanir um svona mál en verktakarnir sem lifa og hrærast í þessum markaði og sitja uppi með mesta tjónið ef þeir byggja húsnæði sem ekki er þörf á.“

Má sjá merki þess að sveitarfélögin séu farin að treysta sér til að veita meira svigrúm og nefnir Svanur þróunarreit í landi Hafnarfjarðarbæjar. „Þar fær verktakinn að byggja 50 íbúðir en hann ræður deiliskipulaginu að miklu leyti sjálfur. Bærinn gaf út ákveðin viðmið varðandi hæðarmörk og meðalstærð húsa en verktakinn er t.d ekki bundinn af því að byggja hvort heldur bíla-stæðakjallara, nota fyrirframákveðin byggingarefni eða reisa húsin á niðurnjörvuðum byggingarreitum.“ *ai@mbl.is*



FAGVERK



MALBIKSTÖÐIN



VIÐ ERUM SÉRFRÆÐINGAR Í MALBIKUN

Malbikunarframkvæmdir eru okkar sérsvið. Við tökum að okkur malbikun á bílastæðum, stígum, götum, vegum og hvar sem þarf að malbika. Við tryggjum fyrirtaks þjónustu sem svarar ýtrustu gæða- og öryggiskröfum. Hafðu samband.

malbikstodin.is | 864 1220 | Flugumýri 26 | Mosfellsbær

Vantar nýtt ráðuneyti uppstokkunar?

Iðnaðar- og nýsköpunarráðherra segir stjórnvöld þurfa að vera duglegri að afnema lög og reglugerðir svo regluverkið verði ekki of flókið og íþyngjandi

Ásgeir Ingvarsson
ai@mbl.is

Þótt margt megi bæta verður að hrósa stjórnvöldum fyrir þann fjölda framfaraskrefa sem stiginn hefur verið á undanförunum árum. Þannig hefur orðið veruleg breyting á umgjörð sprotasamfélagsins síðastliðinn áratug og nýir hvatar kynntir til sögunnar til að örva rannsóknir og þróun.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, segist hafa tekið við mjög góðu búi af Ragnheiðu Elínu Arnadóttur sem stýrði ráðuneytinu frá 2013 til 2017. „Í samstarfi við Bjarna Benediktsson réðst hún í ýmsar breytingar sem skiptu verulegu máli, s.s. með tímabundnum skattaafslætti fyrir erlenda sérfræðinga sem koma til starfa á Íslandi; með breytingum á reglum um endurgreiðslur vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar; og með því að beina auknu fjármagni til Tæknipróunarsjóðs. Þar voru stig-in skref sem sýndu í verki að stjórnvöld vildu skapa enn öflugra umhverfi fyrir nýsköpunarfyrirtæki.“

Í ráðherratið Þórdísar hafa heimildir til endurgreiðslu rannsókna- og þróunarkostnaðar verið rýmkaðar jafnt og þétt og fyrirtækjum auðveldað að ráða til sín sérfræðinga frá löndum utan EES. Í sumar samþykkti Alþingi lög um stofnun sprota- og nýsköpunarsjóðsins Kríu



„Við sjáum að erlendir aðilar eru farnir að vilja veðja á íslenskt hugvit og hugmyndir í auknum mæli. Umhverfið hefur þroskast og framtíðin er bæði spennandi og björt,“ segir Þórdís Kolbrún.

sem mun starfa eftir ísraelskri fyrirmynd og styðja við vísisfjárfestingar með því að elta fjárfestingar einka-fjárfesta.

Nú síðast kynntu stjórnvöld úrræði fyrir sérfræðinga sem vilja setjast að á Íslandi í skemmri tíma á meðan þeir sinna störfum sínum í fjarvinnu og hefur vakið ágætisviðbrögð. Þá virðist ganga æ betur að koma Íslandi á kortið hjá erlendum fjárfestum og skemmst að minnast þess að bara það sem af er þessu ári hafa bandarísk stórfyrirtæki keypt rekstur ungra íslenskra félaga fyrir háar fjárhæðir. „Við sjáum að erlendir aðilar eru farnir að vilja veðja á íslenskt hugvit og hugmyndir í auknum mæli, umhverfið hefur þroskast og framtíðin er bæði spennandi og björt,“ segir Þórdís Kolbrún.

Krefjandi að straumlinulaga

Pema Iðnþings var hvernig auðvelda má atvinnulífinu að hlaupa hraðar upp úr kórónuveiru-kreppunni. Þórdís segir stjórnvöld leika þar lykilhlutverk, og þá ekki síst með því að skapa ekki óþarfa hindranir og flækjur. Einfalda þurfi og hraða ýmsum ferlum og stuðla að skjótri ákvarðanatöku. Að einfalda og straumlinulaga sjórnsýslu og regluverk er þó hægara sagt en gert: „Breytingastjórnun er alltaf krefjandi og hluti af mannlegu eðli að sýna ákveðna mótstöðu þegar reynt er að gera hlutina með öðrum hætti. Þá eru aðrir hvatar að verki í opinbera geiranum en í einkageiranum, dínamikin önnur og verkefnin af öðrum toga,“ segir hún. „Það má ekki alhæfa að kerfið allt sé

Mér þætti gaman og ofboðslega gagnlegt að finna leið til að auka hvata innan stofnana hins opinbera til að eiga frumkvæðið að einföldun, uppstokkun og niðurskurði.

á móti breytingum, og er andrúmsloftið mismunandi bæði eftir einstaklingum og stofnunum. En mér þætti gaman og ofboðslega gagnlegt að finna leið til að auka hvata innan stofnana hins opinbera til að eiga frumkvæðið að einföldun, uppstokkun og niðurskurði.“

Ekki fylgst með hvort samræmi sé í vinnubrögðum

Þær þjónustustofnanir sem vakta byggingariðnaðinn ættu að temja sér að vera meira þjónustumiðaðar en eftirlitsmiðaðar í störfum sínum

Það býr til töluverða viðbótarvinnu og tafir hjá verktökum og hönnuðum að þegar kemur að leyfum og samþykktum eru vinnubrögð hins opinbera óskilvirk og gamaldags.

Þetta segir Sigrún Melax, gæðastjóri hjá verktakafyrirtækinu JÁVERK, en á Iðnþingi fjallaði hún m.a. um þann óþarfa kostnað sem þetta veldur. „Pau dæmi sem gefin voru á ráðstefnunni, um að prenta þurfi út teikningar, kvittu á pappírana og afhenda í eigin persónu til þess að hægt sé að skanna þær inn á næsta stað, eru lýsandi fyrir ferlið og hægt að finna mörg önnur dæmi af svipuðum toga.“

Erfitt er að mæla af nákvæmni hversu miklum kostnaði óskilvirkni hjá hinu opinbera veldur atvinnulífinu en af tali iðnþingsgesta má ráða að kostnaðurinn sé verulegur og til mikils að vinna að bæta ferla og vinnubrögð.

Sigrúnu grunar að í tilviki byggingageirans sé vöntun á heildaryfirsýn ein af rótum vandans. „Regluverkið er flókið og ekki alltaf skýrt fyrir fólkið innan kerfisins hvað það á að gera. Starfsmaður sveitarfélags er því stundum í þeirri aðstöðu að þurfa að fylla í eyðurnar og gera það eftir eigin höfði. Ef fólk er síðan í

þannig stöðu í ferlinu að þeirra samþykki þarf til að hleypa málum áfram þá hefur þetta sama fólk í raun valdið til að stöðva verkefni.“

Virðist meira að segja vanta aðhald og eftirlit með ýmsum embættum og sviðum. „Enginn vaktar hvort samræmi sé í vinnubrögðum eða hvort starfsmenn fari út fyrir sitt valdsvið. Né heldur eru úrræði fyrir hendi ef afgreiðsla tefst fram yfir uppgefnin tímafrest.“

Athugasemdir stangast á

Sigrún nefnir undarleg tilvik sem hún hefur fengið að kynna af eigin raun: „Það getur t.d. gerst að teikning eða umsókn er send inn og fær tilteknar athugasemdir. Það sem fundið var að er þá lagað og teikningarnar sendar inn aftur, en þá koma kannski athugasemdir við eitthvað sem hélt óbreytt á milli útgáfa,“ segir hún. „Þá þarf iðulega að fara með teikningar til skoðunar og samþykktar á mörgum ólíkum stöðum og geta þá athugasemdir einnar stofnunar stangast á við athugasemdir þeirrar næstu.“

Þætti Sigrúnu gott að sjá bæði breytt vinnubrögð og breytt hugarfar hjá þeim stofnunum sem þjónusta byggingariðnaðinn. „Þessar stofnanir ættu að tileinka sér það að vera þjónustustofnanir frekar en eftirlitsstofnanir. Og ef upp koma tilvik þar sem stofnun eða starfsmaður virðist fara út fyrir sitt valdsvið þarf að skoða það vandlega og athuga t.d. hvort það er regluverkið sem er í ólagi eða hvort þjálfun hafi verið ábótavant.“

Sigrún vísar líka til nýlegrar skýrslu OECD um samkeppnishæfni byggingariðnaðarins en skýrslan hafði að geyma fjölda gagnlegra til-



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Sigrún segir regluverkið flókið og ekki alltaf skýrt fyrir fólkið innan kerfisins hvað það á að gera.

lagna um úrbætur og einföldun í regluverki skipulags og byggingarmála. „Sú skýrsla benti m.a. á að regluverkið hér á Íslandi er langtum flóknara en í viðmiðunarlöndunum, sem er vægast sagt mjög áhugavert,“ segir Sigrún. „Sem dæmi um flækjustigið á ferlum hér þá þekkest það í löndum í kringum okkur að deiliskipulag þarfnist ekki staðfestingar Skipulagsstofnunar enda er skipulagsvaldið hjá sveitarfélögum. Slíkt gæti flýtt verulega nýjum byggingarverkefnum og sparað mikinn fjármagnskostnað.“

Eftirlitið skiptir máli en þarf að breytast

Bætir Sigrún við að eftirlit og umgjörð hins opinbera geti verið til mikils gagns, ef rétt er að málum staðið. Á undanförunum árum hafi þróunin verið sú að eftirlit með framkvæmdum er að færast frá yfirvöldum yfir til byggingarstjórans. Það sé mjög góð þróun þar sem byggingarstjórinn er einmitt sá aðili sem er alltaf á staðnum og stýrir framkvæmdinni. „En eftirlitið þarf þá að breytast í takt við það,

Grunar Þórdísi að landsmenn séu almennt á þeim nótum að þeir vilji standa vörð um opinbera þjónustu en um leið hafa hemil á skrifræðinu, og að regluverkið sé vandað og ekki ofvaxið. „Við þurfum að hverfa af þeirri leið að ekkert starf megi tapast þegar stofnanir eru sameinaðar eða lagðar niður, og vera duglegri að afnema lög og reglugerðir til að gera regluverkið ekki of flókið, frekar en að hlaða alltaf meiru ofan á það sem fyrir er – það er í mínum huga stór hluti vandans sem blasir við þeim sem vilja sjá.“

Kostnaðarsamar byrðar

Það kann að hljóma undarlega að leggja til að stofna nýtt embætti en kannski er það það sem vantar til að leysa vandann. Gæti það jafnvel verið nýtt ráðuneyti, sem hefði það hlutverk að rýna í regluverkið og í vinnu hinna ýmsu stofnana, og sópa burtu því sem gerir meira ógagn en gagn. „Þessi verkefni verða að vera í fókus alla daga og skýr farvegur og pólitískt umboð til að hrinda því í framkvæmd,“ segir Þórdís en hún lagði það einmitt til á janúarráðstefnu Festu að stofna ráðuneyti uppstokkunar og einföldunar. „Stóra spurningin er bara hvernig mætti tryggja slíku ráðuneyti pólitískt umboð því samkvæmt stjórnarskrá ber hver ráðherra ábyrgð á sínum málaflokki og stjórnkerfið vinnur enn þá allt of mikið í sílóm. Verkefni sem þarf að vinna lárétt er enn verið að finna stað í lóðréttu kerfi, það verður ekki leyst þannig.“

Er þegar ljóst að víða má ráðast í ágætistiltekt og nefnir Þórdís að í nýlegri skýrslu OECD hafi verið áætlað að myndi leysa úr læðingi um 30 milljarða króna bara í byggingariðnaði og ferðaþjónustu ef gerðar væru nauðsynlegar breytingar til að bæta skilvirkni, hagræða og sleppa ýmsum óþarfa. „Þetta eru gríðarlegar fjárhæðir sem við erum að misa af alveg að óþörfu,“ segir Þórdís Kolbrún.

eftirlitið ætti að snúast um að ganga úr skugga um að byggingarstjórinn sé með virkt eftirlit á framkvæmdinni,“ segir hún. „Það þekkja það allir að þegar maður veit að einhver er að fylgjast með því sem er gert þá ósjálfrátt vandar maður sig betur og því er mjög mikilvægt að eftirlitið verði áfram virkt. Eftirlitið þjónar líka mikilvægu hlutverki við að grípa inn í þar sem alvarlegir vankantar eru á, stoppa svörtu sauðina sem leynast því miður í öllum geirum. Þá þykir byggingarfyrirtækjum oft gott að fá byggingarfulltrúa á svæðið og skoða hlutina með ferskum augum, og koma með gagnlegar tillögur að breytingum og úrbótum.“

Fyrsta skrefið væri, að mati Sigrúnar, að reyna að kortleggja vandann. „Væri gaman að sjá t.d. árangursmælingar hjá bæði stofnunum sveitarfélaga og ríkis, t.d. Skipulagsstofnun. Einfaldur mælikvarði væri að skoða hversu langan tíma tekur að afgreiða hin ýmsu mál. Þá gæti það verið ágætis varnagli að ef mál eru komin fram yfir á tíma þá verði þau sjálfkrafa samþykkt.“ *ai@mbl.is*



Komið í sölu á Kársnesinu

HAFNARBRAUT 14



Nánari upplýsingar á
hafnarbraut14.is





Morgunblaðið/Eggert

Ekki annað í boði en að framvísa sömu gögnunum aftur og aftur

Mun einfaldara væri fyrir verkfræðistofur að taka þátt í útboðum ef ekki þyrfti í hvert skipti að færa sönnur á að rekstur þeirra sé í lagi

Ásgeir Ingvarsson
ai@mbl.is

Áskoranir byggingageirans voru í deigluinni á Iðnþingi. Var kastljósinu einkum beint að ýmsum formkröfum sem íþyngja hönnuðum og verktökum en auðvelt ætti að vera að sleppa. Hjörtur Sigurðsson er framkvæmdastjóri VSB verkfræðistofu og notaði tilefnið til að benda á hve miklu magni gagna fyrirtæki hans þarf að skila inn þegar tekið er þátt í útboði hjá hinu opinbera. „Í hvert einasta skipti þarf t.d. að framvísa staðfestingu um að við höfum staðið skil á lífeyrissjóðsgreiðslum starfsmanna okkar og vottorð um að stofan sé skuldlaus við hið opinbera. Ekki er nóg með að skylda sé að afhenda þessi gögn með öðrum útboðsgögnum heldur þurfa þau oft að vera minna en vikugömul,“ segir hann.

Greiða reikninga fyrir eindaga til að fá vottorð

Vitaskuld fylgir þessu heilmikið umstang en til að auka á vandann þá geta kröfurnar verið mismunandi á milli útboða. „Þannig er stundum farið fram á að við sýnum gögn um gæðakerfið okkar, eða upplýsum hvernig við vistum gögn. Óskirnar eru af ýmsu tagi og það að ekki skuli vera meira samræmi gerir vinnuna þyngri en ella,“ segir Hjörtur og tekur fram að reglur um skuldleysi við hið opinbera eigi líka við um skuldir sem ekki eru komnar á eindaga. „Þýðir það að til að taka þátt í útboði þurfum við að greiða reikninga áður en þeir eru komnir á eindaga, til þess að geta fengið skuld-



Morgunblaðið/Árni Sæberg

„Til að taka þátt í útboði þurfum við að greiða reikninga áður en þeir eru komnir á eindaga, til þess að geta fengið skuldleysisvottorðið afgreitt,“ segir Hjörtur.

Byggingafulltrúar jafn mismunandi og þeir eru margir

Þegar rætt er við fólk í byggingageira er oft stutt í sögur af erfiðum samskiptum við byggingafulltrúa hér og þar á landinu. Hjörtur segir það rétt að finna megi mikinn breytileika innan stéttarinnar: sumir séu hvers manns hugljúfi en aðrir fari langt út fyrir það sem þeir eiga að gera og valdi töfum á verkefnum með tilheyrandi ómaki og kostnaði.

„Byggingafulltrúi á fyrst og fremst að nota skoðunarlista og ganga úr skugga um að teikningar, og eftir atvikum byggingaframkvæmdir, endurspegli kröfur byggingareglugerðar. Það heyrir ekki undir svið þessara opinberu starfsmanna að t.d. hafa afskipti af hönnuninni sem slíkri. Er ekki óalgengt að gerðar séu athugasemdir sem ekki eru faglegs eðlis né á rökum reistar.“

Afgreiðslutíminn getur líka verið mislangur og ferlið ógagnsætt svo að framkvæmdaðili þarf oft að sætta sig við mikla óvissu um hvenær teikningar fást samþykktar. „Þessu fylgir kostnaður og bara það að framkvæmdir dragist að óþörfu um viku þýðir aukinn fjármagnskostnað.“

Hjörtur telur brýnt að samræma vinnubrögð embætta byggingafulltrúa um allt land og jafnvel skapa úrræði til að koma á framfæri kvörtunum og athugasemdum. „Margir sjá stöðuna þannig að það sé ekki fyrirhafnarinnar virði að gagnrýna þessi embætti, og hvað þá áhættunnar virði að lenda kannski í ónád fyrir vikið.“

leysisvottorðið afgreitt. Eitt væri að sýna fram á að vera ekki í vanskilum við hið opinbera, en svolítið sérstakt að þurfa að hafa gert upp allar skuldir til að vera tekin til greina í útboði.

Í tilvikinu VSB verkfræðistofu áætla Hjörtur að þurfi að afla þessara gagna um og yfir tuttugu sinnum á ári og breytir engu þó að stofan hafi getað sýnt það í áraraddir að þar er stundaður ábyrgur rekstur. Hann segir ekki óeðlilega kröfu að þátttakendur í útboðum sýni að rekstur þeirra sé í lagi en að óhætt væri að leyfa fyrirtækjunum að framvísa umbeðnum gögnum með lengra millibili eða búa þannig um hnútana að bjóðandi sendi með tilboði sínu yfirlýsingu um að þessi mál séu í samræmi við kröfur verkkaupa og skuli leggja fram gögn því til sönnunar eigi hann besta tilboð í verkið. „Reyndar er það svo að lög um opinber innkaup heimila notkun á svokallaðri samevrópskri hæfisfyrirlýsingu bjóðenda (ESPD). Þessi heimild felur í sér að framvegis þarf aðeins sá bjóðandi sem hlýtur samning að leggja fram skjöl til staðfestingar á hæfi sínu og nota má sömu hæfisfyrirlýsingu aftur og aðeins skal að uppfæra hana eftir þörfum. En þrátt fyrir að þessi möguleiki sé fyrir hendi eru opinberir aðilar enn oft að kalla eftir þessum staðfestingum frá öllum bjóðendum.“

Móttaka teikninga enn með gamla laginu

Arkitektar, verkfræðingar og verktakar reka sig líka á það að móttaka teikninga hjá byggingafulltrúum fer fram með svipuðum hætti í dag og fyrir hálfri öld. Með því að nota tæknina betur mætti spara bæði fyrirtækjum og stofnunum mikið óþarfa umstang og kostnað.

„Við erum með 3-4 ábyrgðarhönnuði sem hver um sig er ábyrgur fyrir sínu fagsviði. Hefur það gerst að við höfum þurft að kalla þá til okkar í miðju sumarfrí til að árita teikningar því byggingafulltrúi tekur ekki við teikningunum öðruvísi en árituðum með bleki.“

Hjörtur segir tæknina nú þegar bjóða upp á að senda staðfestar og vottaðar teikningar með öruggum

og rekjanlegum hætti á milli staða og eigi ekki að vera erftitt að taka upp ný og einfaldari vinnubrögð. „Almennt er það fyrsta sem starfsmaður byggingafulltrúa gerir hvort eð er, að skanna teikningarnar inn til að vista þær rafrænt í tölvum embættisins.“

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun opnaði nýlega sérstaka gátt á netinu þar sem hlaða má inn teikningum og undirrita rafrænt í samræmi við allar lagalegar kröfur. „Lögin bjóða upp á þetta en embætti byggingafulltrúa um allt land draga lappirnar þegar kemur að innleiðingu.“

Vantar ráðuneyti mannvirkjagerðar?

Spurður um hvað gæti valdið þessari tregðu hjá byggingafulltrúum landsins segir Hjörtur að vissulega geti það stundum tekið tímann sinn að innleiða breytingar og aðlaga hin ýmsu kerfi. „Það auðveldar ekki breytingarnar að vel yfir 50 byggingafulltrúaembætti eru starfrækt á Íslandi og hvert þeirra vinnur með sínum hætti. Sum embættin eru smærri en önnur og hafa kannski af þeim sökum misgóða burði til að innleiða nýjar lausnir, en vanda málið virðist ekki síður vera að það virðist fjarskalítið aðhald og eftirlit með þessum embættum og enginn sem gætir að því að þau vinni öll með sama hætti.“

Aðhald og eftirlit skortir víðar og nefnir Hjörtur að það væri til bóta að auka samskipti og samstarf þvert á stofnanir. Hann talar um „sílóhugsunarhátt“ þar sem hver stofnun og ríkisfyrirtæki einangrar sig frekar en að eiga í virku samstarfi. „Það virðist vera lítill samvinna á milli t.d. Landsnets og Landsvirkjunar eða Vegagerðarinnar og Ísavia, og eru þessar stofnanir og fyrirtæki þó oft að vinna með sömu hlutina. Eru mikil tækifæri fólgin í því að samræma verklagið á milli þessara aðila. Til að höggva á hnútinn gæti jafnvel þurft að setja á laggirnar nýtt ráðuneyti mannvirkjagerðar en í dag dreifist málaflokkurinn á fjölda ráðuneyta: umhverfismál eru á einum stað, skipulagsmál á öðrum og húsnæðis- og félagsmál á þeim þriðja.“

Hlaupum hraðar

- slítum fjötrana og sækjum tækifærin



SI Samtök
iðnaðarins

Kynntu þér umbótatillögur SI í nýrri skýrslu

Hlaupum hraðar

- slítum fjötrana og sækjum tækifærin

Samtök iðnaðarins vilja leggja sitt af mörkum til umræðunnar í aðdraganda kosninga. Miklu máli skiptir að ákvarðanir nýrra stjórnvalda leiði til umbóta á Íslandi, bæði fyrir fólk og fyrirtæki. Í nýrri skýrslu samtakanna eru lagðar fram 33 tillögur að umbótum sem ráðast þarf í á næstu 12 mánuðum.

Vefútgáfa skýrslunnar er **aðgengileg öllum** á si.is

SI Samtök
iðnaðarins

Ætti Ísland að fara sömu leið og Malta?

Með því að bjóða upp á öfluga hvata og skapa réttu umgjörðina tók eyríki í Miðjarðarhafinu risastökk á sviði lyfjaframleiðslu og rafeindatækni

Ásgeir Ingvarsson
ai@mbli.is

Íslensk fyrirtæki hafa lengi látið að sér kveða í lyfjaframleiðslu og -rannsóknunum. Greinin vex hratt, tekjurnar eru góðar og virðist ballið vera rétt að byrja.

Það var mikil gæfa að athafnafólk kom á sínum tíma auga á að Ísland gæti hentað vel til framleiðslu á lyfjum, og þá einkum samheitalyfjum. Vildi það þannig til að lyfjafyrirtæki létu það vera að sækja um einkaleyfi á lyfjum á litla Íslandi og um miðjan 10. áratuginn voru gerðar breytingar á lögum sem greiddu leið samheitalyfja. Nokkur íslensk lyfjafyrirtæki urðu til á þessum tíma, þróuðust í ýmsar áttir og urðu sum að alþjóðlegum stórfyrirtækjum.

Árið 2018 var Coripharma stofnað í kringum kaup á framleiðsluhluta Actavis á Íslandi sem hafði verið lokað við kaup Teva á Actavis árið 2017. Árið 2019 bæta eigendur Coripharma um betur og kaupa þróunareiningu Actavis á Íslandi en með því varð til nýtt lyfjafyrirtæki með einstakan mannauð. Í dag byggir reksturinn einkum á tveimur stoðum: framleiðslu lyfja fyrir önnur fyrirtæki undir þjónustusamningi, og þróun eigin lyfjahugvits fyrir samheitalyfjamarkað.

Jónína Guðmundsdóttir er forstjóri Cori-

pharma og flutti áhugavert erindi á Iðnþingi um hvernig rétta umgjörðin getur orðið til þess að nýjar atvinnugreinar blómstra. Fór hún með fundargesti í ferðalag til eyríkisins Möltu sem á skömmum tíma varð mjög umsvifamikil í samheitalyfjabransanum og hefur sú atvinnugrein síðan leitt af sér afleiðð störf á ýmsum öðrum sviðum.

„Ef saga Möltu er skoðuð þá kemur í ljós að á 8. áratugnum var atvinnulífið fábreytt. Textíliðnaður var ráðandi, menntunarstig landsins lágt og ekki mjög góð framlegð af þeim iðnaði sem Malta bjó yfir. Stjórnvöld sáu fram á það að missa textíliðnaðinn smám saman frá sér til láglauNALanda eins og Indlands og réðust því í metnaðarfulla stefnumótun fyrir þetta litla land sem er ekki auðugt af náttúruauðlindum.“

Tóku ráðamenn á Möltu ákvörðun um að leggja út rauða dregilinn fyrir iðnað sem bæði hefði háa framlegð og kallaði á hátt menntunarstig. Úr varð að einblína á rafeindatækni annars vegar og lyfjaframleiðslu hins vegar. Samhliða þessu var unnið að aðild Möltu að Evrópusambandinu og varð landið aðili að ESB árið 2004. „Sem hluti af nýrri atvinnustefnu var sett á laggirnar nýtt félag í ríkiseigu, Malta Enterprise, n.k. efnahagsþróunarstofnun sem hafði það m.a. að markmiði að laða að erlenda fjárfestingu og styðja við uppbyggingu í rafeindatækni og lyfjaframleiðslu með öllum ráðum. Var þessi stofnun með útsendara á ferð um allan heim, til að banka á dyrnar hjá stórfyrirtækjum og fjárfestum og kynna Möltu sem góðan valkost.“

Samstilltar aðgerðir stjórnvalda

Verkefnið bar ríkulegan ávöxt og eru núna starfrækt á Möltu verksmiðjur fjölda stöndugra lyfjafyrirtækja. Er íbúafjöldi eyríkisins þó ekki mikilí meiri en íbúafjöldi Íslands. „Lyfjafarmleiðsla er núna önnur stærsta útflutnings-



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Jónína segir lyfjaframleiðslu í dag mynda um 13% af útflutningstekjum Möltu og rafeindatækni 30%.

Var þessi stofnun með útsendara á ferð um allan heim, til að banka á dyrnar hjá stórfyrirtækjum og fjárfestum og kynna Möltu sem góðan valkost

Lífeyrissjóðirnir gætu leikið stærra

Það væri framför ef frumkvöðlar gætu leitað styrkja hjá opinberum sjóðum hvenær sem er og fengið svar með hraði

Til að íslenskt atvinnulíf komist hratt á flug eftir kórónuveirufaraldur þarf að hlúa vel að nýsköpun, rannsóknunum og vöruþróun.

Fida Abu Libdeh, forstjóri GeoSilica, tók þátt í pallborðsumræðum á Iðnþingi þar sem hún benti á leiðir til að skapa enn betra nýsköpunarumhverfi á Íslandi.

GeoSilica spratt upp úr lokaverkefni Fidu í orku- og umhverfisfræðum en þar skoðaði hún leiðir til að nýta affallsvatn jarðvarmavirkjana til að skapa verðmæti. Fyrirtækið stofnaði hún með Burkna Pálssyni og hófust þau handa við að þróa heilsubætandi drykki með hollum steinefnum úr jarðhitavatni. Fyrirtækið framleiðir í dag fimm mismuandi drykki og er kísill aðalhraefnið í þeim en steinefnið hefur m.a. góð áhrif á húð, hár og neglur. Blöndurnar innihalda að auki efni á borð við magnesíum, mang-an, járn og D-vítamín í ólíkum hlutföllum til þess m.a. að styrkja taugar, vöðva og bein.

Tækifæri fyrir lífeyrissjóðina

Fida segir ekki síst mega þakka Tækniþróunarsjóði að tókst að koma fyrirtækinu á laggirnar. „Tækniþróunarsjóður tryggði okkur nægilegt fjármagn fyrir fyrstu þrjú árin en að auki fengum við styrki m.a. frá Uppbyggingarsjóði Suðurnesja og úr sjóðnum Atvinnumál kvenna. Upphafskostnaður svona fyrirtækis er hár og ilgerlegt að hefja rekstur án stuðnings,“ segir hún en eftir því sem verkefnið dafnaði komu fleiri að borðinu og fjárfesti t.d. lífeyrissjóðurinn Lífsværk í GeoSilica fyrir 50 milljónir króna árið 2019.

Spurð um leiðir til að örva nýsköpun enn frekar segir Fida að gaman væri að sjá fleiri lífeyrissjóði taka virkan þátt í fjármögnun sprotafyrirtækja. Lögum samkvæmt er þak á hve háu hlutfalli eigna sjóðanna má verja til nýsköpunarfjárfestinga en Fida telur að ætti að vera óhætt að hækka þetta hlutfall, ýmist tímabund-

ið eða til frambúðar. Þá segir hún að flest bendi til að íslenskir lífeyrissjóðir séu langt frá því að fullnýta það hlutfall sem lögin leyfa:

„Vitaskuld þarf að fara vel með eignir lífeyrissjóðanna og nýsköpunarfyrirtæki eru í eðli sínu mjög áhættusöm fjárfesting. En dæmin sanna það líka að jafnvel þó að meirihluti nýsköpunarfyrirtækja reynist ekki lífvænleg þá geta þau sem eftir standa skapað verðmæti sem vega upp á móti tapi hinna og gott betur. Eru þetta fyrirtæki á borð við Össur, CCP, Marel og Nox Medical sem hafa átt mikilli velgengni að fagna, hafa skapað fjölda starfa og dýrmætar útflutningsvörur. Ef fjárfesting lífeyrissjóðanna verður til þess að við eignumst nokkur þannig fyrirtæki til viðbótar þá munu greiðendur iðgjalda fá peningana sína margfalt til baka.“

Bætir Fida við að ávinningurinn sé ekki aðeins fölginn í ört hækkandi hlutabréfaverði árangursríkra nýsköpunarfyrirtækja heldur smiti blómlegur rekstur þeirra út frá sér um allt hagerfið: „Þessi fyrirtæki eru mikilvægur drifkraftur atvinnusköpunar og tekna fyrir samfélagið eins og það leggur sig.“

Margar góðar hugmyndir bíða fjármögnunar

Þá bendir flest til að fjölmörg efnileg sprotafyrirtæki bíði þess eins að verða til. Því til sönnunar nefnir Fida að í síðustu úthlutun Tækniþróunarsjóðs hafi aðeins verið hægt að veita styrkjum til 11% þeirra verkefna sem fengu hæstu einkunn í matsferli sjóðsins. Ef meira fjármagn væri í pottinum mætti vænta þess að enn fleiri góðir sprotar kæmst á legg.

Mætti svo gera enn betur með því að einfalda umsóknarferli sprotasjóða og hafa úthlutanir oftár. Bent hefur verið á að það sé óheppilegt að t.d. sumir af sjóðum Tækniþróunarsjóðs taka við umsóknum með margra mánaða millibili og að matsferlið taki langan tíma. Eru upprennandi frumkvöðlar í þeim sporum á meðan að hafa kostað miklu til við umsóknirnar og vera í biðstöðu á meðan úthlutunarnefndir sjóðsins gera upp hug sinn. „Við á Evrópu er bæði miklu meira fjármagn í boði, styrkumsóknir einfaldari, hægt að sækja um hvenær sem er og von á svari nokkrum vikum seinna. Fáí umsækjandi neitun getur hann brugðist hratt við, gert nauðsynlegar úr-



bætur á umsókninni eða viðskiptahugmyndinni, og reynt aftur.“

Segir Fida að fljóttari afgreiðsla umsókna geti líka átt vel við í árferði eins og nú þegar atvinnuleysi er mikið. Ugðlaust má finna marga í hópi atvinnulausra sem ganga með áhugaverða viðskiptahugmyndir í maganum og myndu frekar vilja fá fjárstyrk til að láta reyna á hugmyndina en vera á atvinnuleysisbótum.

Aðspurð hvort væri ekki ráð að gera fjármögnunarumhverfi sprota og nýsköpunarfyrirtækja líkara því sem þekkest í Bandaríkjunum segir Fida að þarfir og aðstæður íslenskra frumkvöðla séu ekki þær sömu og kollega þeirra vestanhafs. „Meðalaldur stofnenda á Íslandi er nokkuð hár og margir í þeim sporum að

vera fjölskyldufólk með ótal skyldur sem því tengjast. Þetta fólk þarf að hafa ákveðinn stuðning til að geta tekið stökkið út í óvissuna og ætti erfitt með að sökkva sér ofan í fjáröflun með sama hætti og t.d. frumkvöðlarnir í San Francisco sem eru yfirleitt yngri og með minna af skuldbindingum heima fyrir.“

Dýrt að hefja útflutning

Mikið hefur breyst til batnaðar frá því Fida lagði fyrst drög að stofnun GeoSilica og geta frumkvöðlar t.d. tekið þátt í viðskiptahröðlum og sótt um styrki sem spanna allan skalann, frá fyrstu hugmynd til vaxtar og útrásar. Þykir Fidu helst að vanti ögn meiri aðstoð við fyrirtæki sem hyggja á útflutning, hvort sem um er að ræða

grein Möltu með um 13% hlut af heildarútflutningstekjum en á rafeindatæknisviðinu gekk enn betur og skapa fyrirtækin í þeim geira um 30% af útflutningstekjum landsins,“ segir Jónína. Árangur Möltu má m.a. rekja til þess að fyrirtækjum voru boðnir mjög góðir skattalegir hvatar til að hefja þar rekstur auk þess að hið opinbera tók t.d. þátt í byggingakostnaði iðnaðarhúsnæðis, útvegaði heppilegar lóðir og gekkst í ábyrgð fyrir lánunum. „En um leið voru margir málaflokkar samhæfðir og t.d. var gert átak í menntun lyfjafræðinga svo háskólastofnanir Möltu útskrifuðu margfalt fleiri lyfjafræðinga en áður. Það sama var gert á sviði rafmagnsverkfræði og skyldra greina,“ segir Jónína. „Til að efla lyfjafyrirtækin enn frekar var settur á laggirnar sérstakur lífvisindagarður þar sem finna má á einum reit rannsóknastofur og háskólasjúkrahús. Er í raun um að ræða heilt hverfi utan um lyfjaiðnaðinn og ef nýtt fyrirtæki vill byggja þar verksmiðju þá er auðsótt að fá að komast að á lausri lóð og á fyrsta degi hægt að njóta góðs af öllum þeim innviðum sem fylgja“.

Umgjörðin skiptir máli

Vöxtur rafeinda- og lyfjageirans hefur síðan orðið til þess að styrkja aðrar greinar og skapa ýmiss konar afleidd störf. Þannig hefur t.d. flutningageirinn á Möltu stóreflst og varð til þess að þar var fjárfest í umbótum bæði á flugvelli og vöruflutningahöfn Möltu. Eins hefur prentiðnaðurinn vaxið með tilkomu aukinna útflutningsafurða og þannig mætti lengi telja. Gagnrýnendur myndu segja að Maltverjar hafi einfaldlega haft heppnina með sér og að um allan heim megi finna dæmi um mislukkadár tilraunir stjórnvalda til að galdra fram mikla uppbyggingu í tilteknum atvinnugreinum. Jónína segir reynslu Möltu þó sýna hve miklu það getur skipt að stjórnvöld skapi fyrirtækjum réttu umgjörðina og búi til öfluga hvata sem laði að fjármagn. Umgjörð stjórnvalda og einkaframtakið verði þannig að ganga í takt í átt að sameiginlegu langtímamarkmiði. Hún segir mikilvægt að reyna að skilja hvert íslenskt atvinnulíf stefnir og stuðla að því að í landinu verði til eftirsótt störf og fyrirtæki sem skapa mikil verðmæti. „Gríðarlegt fjármagn er á sveimi í alþjóðahagkerfinu og leitar góðra fjárfestingartækifæra. Spurningin er hvaða hvatar gætu hjálpað til að beina þessu fjármagni til Íslands.“

hlutverk



Fida í pallborði á Iðnþingi. „Dæmin sanna að jafnvel þó að meirihluti nýsköpunarfyrirtækja reynist ekki lífvænleg þá geta þau sem eftir standa skapað verðmæti sem vega upp á móti tapi hinna og gott betur.“

sprota eður ei. „Öll nýsköpunarfyrirtæki geta sótt um markaðsstyrk sem nemur allt að 10 milljónum króna en sú upphæð dugar skammt. Má, til dæmis, gera ráð fyrir að kosti um 5 milljónir að taka þátt í einni vörusýningu erlendis.“ Væri gaman að skoða hvort ekki mætti t.d. sameina krafta minni fyrirtækja í útrásarhugleiðingum með því að sameinast um þátttöku í sýningum til að draga úr kostnaði. „Mætti jafnvel setja verkefni af stað til að koma íslenskum vörum gagnert á framfæri í völdum verslunum erlendis, eða á stöðum eins og Amazon. Að fá hillupláss og markaðssetja getur verið dýrt fyrir eitt lítið fyrirtæki en viðráðanlegt ef margir taka höndum saman.“ *ai@mbl.is*



Morgunblaðið/Eggert

Orri segir að æskilegt væri að hafa sem mesta langtímahugsun í ákvörðunum hins opinbera. Of algengt er að „þetta reddast“-hugarfarið ráði för.

Allt of mikið um óþarfa flækjur og flöskuhálsa

Regluverkið getur stundum verið of einstrengingslegt og óhætt væri að veita meira svigrúm við ákveðnar aðstæður. Sólarlagsákvæði í lögum gæti forðað því að nýjar stofnanir öðlist sjálfstætt líf og að enginn geti við þeim hróflað

Ásgeir Ingvarsson
ai@mbl.is

Orri Hauksson, forstjóri Símans, segir það algengt að þegar samtök fyrirtækja efna til ráðstefna sé tækifærið notað til að skamma hið opinbera fyrir alls konar verkefni sem biða úrlausnar. „En stundum má líka hrósa fyrir það sem vel er gert og má þar t.d. nefna að stjórnvöld brugðust nýlega við kalli atvinnulífsins og breyttu reglum svo miklu auðveldara varð að ráða til landsins erlenda sérfræðinga frá löndum utan ESB. Það sem áður var flókið og tímafrekt ferli er núna ekkert mál og hefur komið sér mjög vel fyrir hátæknifyrirtæki sem höfðu brýna þörf fyrir starfsfólk með ákveðna sérþekingu. Þá hefur svigrúm til skattaendurgreiðslna vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar verið aukið jafnt og þétt.“

Stundum við hæfi að samkeppnisaðilar vinni saman

Að því sögðu er af nógu að taka þegar kemur að óþarfa flækjum og flöskuhálsum. Orri nefnir nýlegt dæmi úr sínum geira: „Óveður skall á Íslandi fyrir rúmu ári með þeim afleiðingum að rafmagns- og fjarskiptakerfið skemmdist. Strax kviknaði sú hugmynd að leyfa fyrirtækjum í samkeppnisrekstri að taka höndum saman um að laga þá innviði sem þurftu endurbætur á svæðum þar sem markaðurinn fyrir þjónustu þeirra er með minnsta móti. Í landi með aðeins 370.000 íbúa væri stundum best að skapa grunninnviði utan suðvesturhornsins með öðrum leiðum en hefðbundnum samkeppnismarkaði,“ segir Orri söguna. „Fyrstu viðbrögð voru mjög jákvæð og bæði fulltrúar stjórnvalda og viðkomandi fyrirtækja samstíga. Nema hvað þá birtist upp úr þurru bréf

frá Samkeppniseftirlitinu, sem hafði tekið þátt í öllu ferlinu, þar sem varað var við því að samstarf á milli samkeppnisaðila gæti leitt til refsingar fyrir þá sem tækju þátt. Við það var verkefnið farið út í veður og vind.“ Orri telur eðlilegt að skoða hvort umgjörð samkeppnismála á Íslandi sé úr hófi „dogmatísk“, sér í lagi þegar kemur að undantekningartilvikum og áföllum. Dæmin erlendis frá sýna að vernda má hagsmuni almennings þó að eðlilegt svigrúm sé veitt endrum og sinnum. Skemmst er t.d. að minnast þeirra undanþága sem greitt hafa fyrir þróun og framleiðslu bóluþefnis við kórónuveirunni. „Í Sviss er það t.d. reglan að halda reglulega hringborðsumræður þar sem allir markaðsaðilar í fjarskiptum og tækni taka þátt. Þar eru mál-in skoðuð í þaula og leitað að skynsamlegum lausnum t.d. fyrir svæði þar sem ekki væri hagkvæmt að veita alla þjónustu nema með samstarfi,“ segir Orri. „Við þurfum ekki að vera kalþólskari en þáfinn þegar kemur að mögulegri samvinnu keppinauta um t.d. byggingu vissra innviða.“

Umbótatillögur daga uppi

Þessu tengt myndi Orri vilja að leitað væri leiða til að einfalda stjórnsýsluna og hafa betri gætur á því hvort sumar stofnanir hins opinbera þjóni lengur hlutverki sínu eða geri jafnvel meira ógagn en gagn. Hann minnir á fræg orð Miltons Friedmans um að ekkert megi finna sem vari lengur en skammtímaverkefni sem hið opinera setur á laggirnar. Hinar ýmsu stofnanir og deildir geti hreinlega öðlast sjálfstætt líf og þeir sem þar starfa hafi stundum mestra hagsmuna að gæta af því að viðhalda starfsemi sem lítill eða engin þörf er á. „Ein leið til að sporna við þessu væri t.d. að hafa sólarlagsákvæði í lögum um nýjar stofnanir eða verkefni, og jafnvel takmarka ráðningartíma í valdamiklar stöður í stjórnsýslunni við tiltekinn árafjölda.“

Orri nefnir dæmi um tilraunir til uppstokkunar og niðurskurðar sem síðan virðast missa meðbyr. „Mér er minnisstætt þegar Guðlaugur Þór Þórðarson og Vigdís Hauksdóttir, sem þá fóru fyrir fjárlaganefnd Alþingis, tóku sig til árið 2013 og gerðu um 150 tillögur að umbótum og sameiningum ríkisstofnana. Margar þessara tillagna voru framúrskarandi.

Svo leið og beið, og hagkerfið tók við sér, og var eins og með því minnkaði hvatinn til að gera tillögur þeirra að veruleika.“

Erlendir fjárfestar vilja fyrirsjáanleika

Talið berst yfir í vaxtartækifærin og hvernig mætti t.d. laða meira erlent fjármagn til Íslands til að efla atvinnulífið. Orri minnir á að erlendir aðilar hafi á tímabili átt allstóran hlut í Símanum en síðar selt sig úr rekstrinum. „Og það er mjög jákvætt að fjárfestar erlendis geti einmitt séð dæmi eins og þetta sem sýna að þeir geta óhræddir komið til Íslands með fjármagn sitt og síðan lokið þeim viðskiptum með hagnaði og tekið fjármagnið aftur úr landi þegar þar að kemur.“ Orri telur að fyrirsjáanleiki sé eithvert sterkasta verkfærið til að auka innstreymi erlends fjármagns. „Það er of ríkt í okkur að láta „þetta reddast“-hugarfarið ráða för og væri æskilegt að hafa sem mesta langtímahugsun í öllum ákvörðunum hins opinbera. Í huga erlendra aðila er brýnt að geta stólað á það að þær reglur sem gilda í dag, verði áfram í gildi eftir tvö ár, þrjú ár eða áratug.“

Að auka erlenda fjárfestingu myndi hafa ýmsa kosti og gæti m.a. orðið til þess að breyta vægi lífeyrissjóðanna á íslenskum verðbréfamarkaði. Þar segir Orri að kauphallarfélög standi frammi fyrir ákveðnum vanda því lífeyrissjóðirnir eru oft í hópi stærstu hluthafa og hafa í sumum tilvikum sáralítill afskipti af rekstrinum en eru í öðrum tilvikum með afskipti af toga pólitífsks dægurþrass, en ekki til að gera ævirköld lífeyrisþega sem best efna-hagslega. Þessi réthugsun geti bjagað og truflað störf fyrirtækja: „Ég man t.d. þegar ég átti sæti í stjórn lífeyrissjóðs að þar kom til umræðu ágæt fjárfestingarhugmynd um að setja fimm milljarða króna í erlendan framtakssjóð og tók fimm mínútur að ræða tillöguna og samþykkja hana. Því næst voru bíla- kjör framkvæmdastjóra á dagskrá og tók sú umræða um 70 mínútur, og endaði með því að fresta þurfti ákvörðun til næsta fundar,“ segir Orri. „Í öðrum tilvikum getur ákvörðun um rekstur hlutafélags orðið til þess að stjórnandi lífeyrissjóðs fær skyndilega hljóðnema framan í sig til að svara fyrir pólitískt réttmæti ákvörðunarinnar.“



Garða- og
tómstundakerrur
frá:
155.900 kr.

VORBOÐINN LJÚFI ER MÆTTUR

FYRSTASENDING ÁRSINS AF BRENDERUP KERRUM KOMIN

Brenderup kerrur leysa allar tegundir flutninga enda er úrvalið mjög fjölbreytt. Þær eru fyrir löngu búnar að sanna sig við íslenskar aðstæður sem harðgerðar, öruggar og vel smíðaðar kerrur með góða aksturseiginleika. Komdu í Bílanaust og fáðu upplýsingar um Brenderup kerrur.



Tækjakerrur
frá:
1.359.900 kr.



lönaðarkerrur
frá:
319.900 kr.



Bílaust
Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 Reykjavík
S. 535 9000

Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargötu 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is